

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2631  
komudagur 9.5.2008

Allsherjarnefnd Alþingis  
Selma Hafliðadóttir nefndarritari  
v/ Austurvöll  
150 REYKJAVÍK

8. maí 2008  
Tilvísun: 2008040114

**Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á stjórnsluþingum nr. 37/1993  
(stjórnsluþingurlög), þskj. 873, 536. mál.**

Vísað er til bréfs yðar til Fjármálaeftirlitsins, dags. 23. apríl sl., þar sem óskað var umsagnar um nefnt frumvarp.

Fram kemur í athugasemdum frumvarpsins að það sé samið á grundvelli tillagna nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum sem fram koma í skýrslu hennar frá 12. október 2006. Fjármálaeftirlitið átti fulltrúa í þeirri nefnd.

Fjármálaeftirlitið hefur athugað frumvarpið og skal eftirfarandi ábendinga getið.

Í 1. gr. c-lið er þess getið (sbr. 2. tl.) að stjórnvald geti fellt mál niður í stað þess að leggja á stjórnsluþingurlög þegar brot er mjög smávægilegt.

Fyrirmynd þessa er a-liður 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Fjármálaeftirlitið leggur til að orðið "mjög" verði fellt burtu. Nægjanlegt á að vera að mál teljist smávægilegt til þess að ástæða geti verið fyrir stjórnvald að fella það niður í stað þess að leggja á stjórnsluþingurlög. Það er hætt á því að erfitt verði í framkvæmd að greina á milli mála sem eru "mjög smávægileg" og þeirra sem eru "smávægileg".

Fjármálaeftirlitið telur að nefnt frumvarp gefi að öðru leyti ekki tilefni til efnislegra athugasemda.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar um framanritað ef óskað er.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

  
Jónas Fr. Jónsson

  
Rúnar Guðmundsson